

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1804****2017/EES/48/39****frá 10. október 2016****um ítarlegar reglur um beitingu 34. og 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu***(tilkynnt með númeri C(2016) 6351) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 35. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um opinbera samninga,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilliti til þeirra tímatakmarkana, sem mælt er fyrir um vegna málsmeðferðar skv. 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, er nauðsynlegt að kveða á um að í beiðnum, sem snerta gildissvið 34. gr. hennar, skuli vera upplýsingar sem eru gagnlegar og skipta máli við mat á beiðninni. Í þessu skyni ætti að taka saman skrá yfir upplýsingarnar sem eiga að vera í slíkum beiðnum og aðra hagnýta málsmeðferð í tengslum við þær.
- 2) Til að tryggja réttarvissu og í þágu gagnsæis ætti að birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* tilkynningar um móttöku eða afturköllun beiðna sem snerta gildissvið 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, tilkynningar um framlengingu eða rof á þeim fresti sem framkvæmdastjórnin hefur til að samþykkja framkvæmdargerðir varðandi þessar beiðnir og einnig tilkynningar um gildissvið 34. gr., hafi engin framkvæmdargerð verið samþykkt innan frestsins. Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um þær upplýsingar sem eiga að vera í slíkum tilkynningum.
- 3) Að því er varðar einkum þær upplýsingar sem óska á eftir og orðalag tilkynninga byggir þessi ákvörðun á fenginni reynslu af beitingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2005/15/EB ⁽²⁾ þar sem settar voru ítarlegar reglur um beitingu málsmeðferðar sem kveðið er á um í 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB ⁽³⁾, þar eð efnisleg skilyrði fyrir því að undanskilja starfsemi ákvæðum tilskipunar 2004/17/EB eru að mestu leyti þau sömu og skv. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.
- 4) Rétt er að hafa í huga að matið á beinni samkeppni, sem hægt er að framkvæma innan ramma tilskipunar 2014/25/ESB, er með fyrirvara um fullkomna beitingu samkeppnislaga.
- 5) Ákvörðun þessi ætti að koma í stað ákvörðunar 2005/15/EB, sem samþykkt var á grundvelli ákvörðunar 2004/17/EB. Því ætti að fella ákvörðun 2005/15/EB úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/15/EB frá 7. janúar 2005 um ítarlegar reglur um beitingu málsmeðferðar sem kveðið er á um í 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (Stjtið. ESB L 7, 11.1.2005, bls. 7).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í beiðnum, sem snerta gildissvið 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB og lagðar eru fram skv. 35. gr. sömu tilskipunar („beiðnir sem snerta gildissvið 34. gr.“), skulu a.m.k. vera þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa ákvörðun. Þær skulu fylgja skipan I. viðauka við þessa ákvörðun.
2. Hafi óháð landsyfirvald, sem er lögbært í tengslum við viðkomandi starfsemi, samþykkt rökstudda og skjalfesta afstöðu, eins og um getur í 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, skal sú afstaða fylgja beiðninni.
3. Beiðnirnar, sem um getur í 1. mgr., og afstöðurnar, sem um getur í 2. mgr., skulu sendar rafrænt í tölvupósthólf, sem gefið er upp í því skyni á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar og sem aðildarríkjunum er tilkynnt um, nema við þær tilteknu aðstæður sem um getur í fjórðu undirgrein 1. mgr. 40. gr. og þegar almennri notkun rafrænna samskiptaaðferða hefur verið frestað, skv. 2. mgr. 106. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.
4. Ef beiðni, eins og um getur í 1. mgr., eða afstaða, eins og um getur í 2. mgr., er send með öðrum hætti en rafrænum samskiptaaðferðum í samræmi við 1. mgr. 40. gr. eða 2. mgr. 106. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, skulu þær sendar í þríriti með pósti eða öðrum viðeigandi miðli á heimilisfang framkvæmdastjórnarinnar, sem birt er á vefsetri hennar, og tilkynntar aðildarríkjunum.

2. gr.

1. Þegar framkvæmdastjórnin fær beiðni, sem snertir gildissvið 34. gr. og aðgangur að markaði telst ekki takmarkaður í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, skal hún birta tilkynningu með þeim upplýsingum sem settar eru fram í A-hluta II. viðauka við þessa ákvörðun.

Þegar framkvæmdastjórnin fær beiðni, sem snertir gildissvið 34. gr. og ekki er hægt að reikna með fjálsfum aðgangi að markaði í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, skal hún birta tilkynningu með þeim upplýsingum sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Þegar frestur til samþykktar framkvæmdargerða, sem um getur í 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, er framlengdur í samræmi við fjórðu undirgrein 1. mgr. IV. viðauka við þá tilskipun skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu með upplýsingunum, sem settar eru fram í A-hluta III. viðauka við þessa ákvörðun.

3. Þegar frestur til samþykktar framkvæmdargerða, sem um getur í 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er rofinn í samræmi við 2. málsgrein IV. viðauka við þá tilskipun, skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu með upplýsingunum sem settar eru fram í B-hluta III. viðauka við þessa ákvörðun. Þegar rofi frests lýkur skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu með upplýsingunum sem settar eru fram í C-hluta III. viðauka við þessa ákvörðun.

4. Ef umsækjandi afturkallar beiðni sem snertir gildissvið 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu með upplýsingunum sem settar eru fram í D-hluta III. viðauka við þessa ákvörðun.

5. Ef samningar, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera kleift að inna af hendi tiltekna starfsemi, og hönnunarsamkeppnir, sem skipulagðar eru með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi, falla ekki lengur undir tilskipun 2014/25/ESB vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur ekki samþykkt framkvæmdargerð innan þess tímabils sem kveðið er á um í IV. viðauka við þá tilskipun, skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu með þeim upplýsingum sem settar eru fram í IV. viðauka við þessa ákvörðun.

6. Breyta má upplýsingum, sem fyrirhugaðar eru í tilkynningunum sem settar eru fram í II., III. og IV. viðauka, og bæta við þær, eftir því sem við á, t.d. þegar áður framlagðri beiðni er breytt að verulegu leyti í samræmi við 4. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

7. Tilkynningarnar, sem mælt er fyrir um í 1.–5. mgr., skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Ákvörðun 2005/15/EB er felld úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM KOMA EIGA FRAM Í BEIÐNUM SEM SNERTA GILDISSVIÐ 34. GR. TILSKIPUNAR 2014/25/ESB

1. 1. þáttur — Deili á umsækjanda og staða hans

Í 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er kveðið á um að aðildarríkin eða, þegar kveðið er á um það í löggjöf viðkomandi aðildarríkis, samningsstofnanir, skuli leggja fram beiðnir sem snerta gildissvið 34. gr. Hugtakið „umsækjandi“ getur því, hvort heldur sem er, vísað til aðildarríkis eða samningsstofnana. Það er einungis notað til einföldunar.

1.1. Fullt nafn og heimilisfang umsækjanda:

Fari starfsemin, sem beiðnin tekur til, fram á vegum fyrirtækja sem eru í eignatengslum ⁽¹⁾ við umsækjanda telst hugtakið „umsækjandi“ vísa bæði til stofnunarinnar sem tilgreind er í lið 1.1 og viðkomandi eignatengdra fyrirtækja. Af þeim sökum er nauðsynlegt, einkum að því er varðar 5. og 6. lið hér á eftir, að veita upplýsingar sem krafist er um „umsækjanda“ skv. þeirri skilgreiningu.

1.2. Staða umsækjanda: samningsyfirvald ⁽²⁾, opinbert fyrirtæki ⁽³⁾ eða einkafyrirtæki?

1.3. Fyrir samningsyfirvöld: vinsamlegast tilgreinið hvort beiðnin er fyrir aðildarríki ykkar og lögð fram fyrir hönd þess.

Ef svo er, vinsamlega veitið þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. til og með 6. lið. Vinsamlega veitið þær upplýsingar, sem krafist er um sérhvern af aðilunum, sem reka starfsemi er fellur undir þessa beiðni, einkum að því er varðar hvern lið í 5. og 6. þætti. Ef á hinn bóginn er um að ræða mikinn fjölda slíkra aðila má takmarka upplýsingarnar við þá aðila sem ráða yfir 10% eða meira af viðkomandi landfræðilegum markaði ⁽⁴⁾. Ef upplýsingar um marga aðila eru líkar eða eins má flokka þær saman með því skilyrði að það sé tekið fram.

⁽¹⁾ Í skilningi 1. mgr. 29. gr. tilskipunar 2014/25/ESB merkir „eignatengt fyrirtæki“ sérhvert fyrirtæki sem hefur ársreikninga sem hafa verið felldir inn í samstæðureikningsskil samningsstofnunar í samræmi við kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB“ frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjútíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19). Í 2. mgr. 29. gr. er því bætt við að „ef í hlut eiga aðilar, sem ekki falla undir tilskipun 2013/34/ESB merkir „eignatengt fyrirtæki“ sérhvert fyrirtæki sem:

- getur verið, beint eða óbeint, undir ráðandi áhrifum samningsstofnunar,
- getur beitt ráðandi áhrifum gagnvart samningsstofnuninni eða
- þeir hafa réttarstöðu lögadila og undir ráðandi áhrifum annars fyrirtækis vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um það.“

⁽²⁾ Samkvæmt 3. gr. tilskipunar 2014/25/ESB merkja „samningsyfirvöld“ ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, aðila sem heyra undir opinberan rétt eða samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri slíkum aðilum sem heyra undir opinberan rétt.

„Aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ merkir aðila sem hafa öll eftirfarandi einkenni til að bera:

- þeim er komið á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,
- þeir hafa réttarstöðu lögadila og
- þeir eru fjármagnaðir að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, eða starfsemi þeirra er undir eftirliti slíkra yfirvalda eða aðila, eða þeir hafa stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt.“

⁽³⁾ Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er „opinbert fyrirtæki“ hvers kyns fyrirtæki þar sem samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um fyrirtækið.

Ráðandi áhrif samningsyfirvalda skulu teljast vera fyrir hendi í sérhverju eftirfarandi tilvika, þar sem þau yfirvöld, beint eða óbeint:

- eiga meirihluta skráðs hlutfjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,
- ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutfjáreign í fyrirtækinu,
- hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins“.

⁽⁴⁾ Sjá lið 3.

- 1.4. Samningsstofnanir (samningsyfirvöld, opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki sem reka einhverja þá starfsemi sem um getur í tilskipun 2014/25/ESB ⁽¹⁾) skulu tilgreina ákvæði í landslögum sem kveða á um að samningsstofnanir megi leggja fram beiðni skv. 35. gr.

2. 2. þáttur — Lýsing á þeirri starfsemi sem þessi beiðni tekur til

- 2.1. Lýsið starfseminni sem skilyrði 1. mgr. 34. gr. ⁽²⁾ eiga við að ykkar álit. Starfsemin sem í hlut á getur verið hluti af stærri geira ⁽³⁾ eða getur verið einungis innt af hendi í tilteknum hlutum hlutaðeigandi aðildarríkis.
- 2.2. Tilgreina skal svæðið þar sem starfsemin, sem þessi beiðni tekur til, er stunduð ef það er annað en yfirráðasvæði landsins í heild. Tilgreinið aðeins svæðið þar sem þið teljið að skilyrði 1. mgr. 34. gr. séu uppfyllt.

3. 3. þáttur — Viðkomandi markaður

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur telja að geti verið jafngild eða komið hver í annars stað m.t.t. eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar ⁽⁴⁾.

Eftirtaldir þættir eru að jafnaði taldir skipta máli við ákvörðun viðkomandi vörumarkaðar og er rétt að taka tillit til þeirra í þessari greiningu ⁽⁵⁾:

— eigin verðteygni og vrixlverðteygni eftirspurnar eftir viðkomandi vöru og/eða þjónustu,

— munur á endanlegri notkun vöru,

⁽¹⁾ Draga má viðeigandi starfsemi eða svið saman á eftirfarandi hátt:

raforka (raforkuframléiðsla, raforkuflutningur, rafveita), gas (framleiðsla, flutningur, dreifing), hiti (framleiðsla, flutningur, dreifing), vetniskolefni (vinnsla), kol og annað eldsneyti í föstu formi (leit og vinnsla), drykkjarvatn (framleiðsla, flutningur, dreifing), flutningar í þéttbýli (strætisvagnar, neðanjarðarlestir o.s.frv.), járnbrautir (fólks- og vöruflutningar, bygging grunnvirkja og stjórn/rekstur sjálfrar flutningaþjónustunnar), hafnir (hafnir við sjó eða á vatnaleiðum, bygging grunnvirkja og stjórn/rekstur þeirra), flugvællir (bygging grunnvirkja og stjórn/rekstur þeirra) og pósthjónusta. Nákvæmari skilgreiningar á viðkomandi starfsemi er að finna í 7.–14. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

⁽²⁾ „Samningar, sem gerðir eru með það fyrir augum að unnt sé að inna af hendi starfsemi, sem getið er um í 8.–14. gr., falla ekki undir þessa tilskipun ef aðildarríkið eða samningsstofnanir, sem hafa lagt fram beiðni samkvæmt 35. gr., geta sýnt fram á að hún fari fram í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ekki takmarkaður í aðildarríkinu þar sem hún er innt af hendi; hönnunarsamkeppnir, sem skipulagðar eru með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi á því landsvæði, skulu ekki heldur falla undir þessa tilskipun. ...“

⁽³⁾ Sem dæmi má nefna raforkuframléiðslu eftir hefðbundnum leiðum eingöngu, sem er hluti af raforkugeiranum í heild.

⁽⁴⁾ Ef við á skal einnig tilgreina hvort auðvelt sé að fá staðgönguvörur fyrir vörurnar, fullkomnar staðgönguvörur, ekki eins góðar staðgönguvörur eða vörur sem koma að hluta til í stað þeirra.

Fyrir tiltekna vöru (í skilningi þessarar skilgreiningar vísar hugtakið „vara“ til vöru eða þjónustu) eru margs konar staðgönguvörur. Til þessa úrvals teljast allar staðgönguvörur sem unnt er að finna fyrir viðkomandi vöru, þ.e.a.s. allar vörur sem, að meira eða minna leyti, uppfylla kröfur neytandans. Staðgönguvörur ná allt frá afar nákvæmum (eða fullkomnum) staðgönguvörum (vörur sem neytendur veldu samtundis, t.d. ef um væri að ræða mjög óverulega hækkun á verði viðkomandi vöru) til afar ónákvæmra (eða ófullkominna) staðgönguværa (vörur sem neytendur veldu því aðeins að um væri að ræða verulega hækkun á verði viðkomandi vöru).

Þegar framkvæmdastjórnin skilgreinir viðkomandi markað tekur hún einungis til greina vörur sem auðveldlega geta komið í stað viðkomandi vöru. Vörur sem auðveldlega geta komið í stað annarra vara eru þær vörur sem neytendur veldu til að bregðast við lítilli en marktækri hækkun á verði viðkomandi vöru (t.d. 5%). Þannig er framkvæmdastjórninni kleift að meta samkeppnisstöðu með tilliti til viðkomandi markaðar og taka með allar þær vörur sem neytendur viðkomandi vöru geta auðveldlega valið í staðinn.

Það þýðir þó ekki að framkvæmdastjórnin taki ekki tillit til þess aðhalds á samkeppnishæðun viðkomandi aðila sem orsakast af því að fyrir hendi eru ófullkomnar staðgönguvörur (þær vörur sem neytandi veldi ekki til að bregðast við lítilli en marktækri hækkun á verði viðkomandi vöru, t.d. 5%). Tekið er tillit til þessara áhrifa þegar markaðurinn hefur verið skilgreindur og markaðshlutdeild metin.

Það er af þeim sökum mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi bæði upplýsingar um vörur, sem geta auðveldlega komið í stað viðkomandi vara, og um ófullkomna staðgönguvörur. [Dæmi um fullkomna staðgönguvöru á eftirspurnarhlíðinni: raforka sem framleidd er með kolum og raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkulindum].

Vara eða þjónusta sem telst til staðgönguværa og -þjónustu að hluta til er sú vara og sú þjónusta sem getur einungis komið í stað annarrar á tilteknu landsvæði, einungis á hluta ársins eða sem er einungis til tiltekinn nota [Dæmi: Í fólksflutningum geta járnbrautir, neðanjarðarlestir, sporvagnar og strætisvagnar aðeins verið jafngild að hluta til á landsvísu þar eð þessar greinar flutninga eru einungis í rekstri samtímis á afmörkuðu landsvæði. Innan þess svæðis gætu þær þó verið taldar fullkomnar staðgönguvörur.]

⁽⁵⁾ Þessi upptalning er ekki tæmandi: umsækjanda er heimilt að vísa til annarra þátta.

- verðmunur á tveimur vörutegundum,
- kostnaður við að skipta úr einni vörutegund yfir í aðra sem er hugsanleg samkeppnisvara,
- hefðbundnar eða rótgrónar neytendavenjur sem eru tiltekinni vörutegund eða vöruflokki til framdráttar,
- vöruflokkun (samkvæmt flokkun atvinnugreinasamtaka o.s.frv.).

Viðkomandi landfræðilegur markaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi aðilar eiga hlut að framboði á og eftirspurn eftir vöru eða þjónustu og samkeppnisskilyrði eru nægilega einsleit og unnt er að greina það frá nærliggjandi svæðum, ekki síst vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega ólík á þessum svæðum ⁽¹⁾.

Þættir sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru m.a. ⁽²⁾:

- eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu,
- hvort fyrir hendi séu aðgangshindranir,
- neytendavenjur,
- greinanlegur munur á markaðshlutdeild eða verulegur verðmunur milli nærliggjandi svæða,
- flutningskostnaður.

- 3.1. Vinsamlega tilgreinið, með hliðsjón af framangreindu, þá skilgreiningu á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum sem þið álítið að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar greiningu sinni.

Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar, á grundvelli viðeigandi reynslugagna, ⁽³⁾, og skýrt frá því að hvaða leyti var tekið mið af framangreindum þáttum. Nefnið sérstaklega þá vöru eða þjónustu sem þessi beiðni hefur bein eða óbein áhrif á og tilgreinið þá flokka vara sem þið teljið staðgönguvörur í markaðsskilgreiningu ykkar.

Í eftirfarandi liðum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi vörumarkaðar eða -markaða“.

- 3.2. Vinsamlega tilgreinið þá skilgreiningu á viðkomandi landfræðilegum markaði eða mörkuðum sem þið álítið að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar greiningu sinni. Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar, á grundvelli viðeigandi reynslugagna, ⁽⁴⁾, og skýrt frá því að hvaða leyti var tekið mið af framangreindum þáttum. Tilgreinið sérstaklega landsvæðið þar sem viðkomandi aðili eða aðilar, sem fjallað er um í þessari beiðni, starfa(r) á viðkomandi vörumarkaði eða mörkuðum og tilgreinið ástæður fyrir því ef þið teljið viðkomandi landfræðilegan markað ná yfir meira en eitt aðildarríki.

Í eftirfarandi liðum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi landfræðilegs markaðar eða markaða“.

⁽¹⁾ Sjá aðra undirgrein 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

⁽²⁾ Þessi upptalning er ekki tæmandi: umsækjanda er heimilt að vísa til annarra þátta.

⁽³⁾ Þ.e. staðreyndir og gögn sem hægt er að staðfesta sjálfstætt. Allar greiningar sem gerðar eru verður að vera hægt að endurgera með sjálfstæðum hætti. Þegar látin eru í té stuðningsgögn frá greiningu sem byggir á reynslugögnum verður umsækjandi einkum að veita upplýsingar um heimildir, óunnin gögn og ítarlegar upplýsingar um tiltekin tæknileg skref sem tekin voru til að ná lokaniðurstöðu.

⁽⁴⁾ Þ.e. staðreyndir og gögn sem óháðir aðilar geta staðfest. Allar greiningar sem gerðar eru verður að vera hægt að endurgera með sjálfstæðum hætti. Þegar látin eru í té stuðningsgögn frá greiningu sem byggir á reynslugögnum verður umsækjandi einkum að veita upplýsingar um heimildir, óunnin gögn og ítarlegar upplýsingar um tiltekin tæknileg skref sem tekin voru til að ná lokaniðurstöðu.

4. **4. þáttur — Beiting þeirrar lagagerða sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2014/25/ESB.**

4.1. Fellur starfsemin, sem fjallað er um í þessari beiðni, undir einhverja af lagagerðunum sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2014/25/ESB ⁽¹⁾? Ef svo er skal tilgreina gerð eða gerðir í landslögum sem varða lögleiðingu á viðkomandi löggjöf Sambandsins.

5. **5. þáttur — Upplýsingar varðandi viðkomandi markað og aðgangur að þeim markaði**

Þennan þátt verður að fylla út án tillits til svarsins við lið 4.1 hér að framan.

Vera kann að sumir liðir skipti ekki máli varðandi tiltekna starfsemi eða raunverulegar aðstæður tiltekins umsækjanda og skal þá tilgreina það lið fyrir lið.

Umsækjandi má láta nægja að gefa upp nákvæma tilvísun, lið fyrir lið, í viðeigandi hluta (einn eða fleiri) rökstuddrar og skjalfestrar afstöðu, eins og um getur í 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, sem óháð landsyfirvald, sem er lögbært í tengslum við viðkomandi starfsemi, hefur samþykkt og þar sem er að finna greiningu á viðkomandi lið.

5.1. Vinsamlega tilgreinið ástæður fyrir því að þið teljið að aðgangur að viðkomandi markaði sé ekki takmarkaður.

5.2. Fyrir hvern viðkomandi markað, fyrir hvert síðustu þriggja reikningsára ⁽²⁾, og fyrir hvert eftirfarandi yferráðasvæða:

- a) Evrópska efnahagssvæðið,
- b) Evrópusambandið í heild,
- c) yferráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild,
- d) hvert aðildarríki og hvert EFTA-ríki, þar sem umsækjandi sinnir starfsemi og
- e) viðkomandi landfræðilegan markað ⁽³⁾, ef umsækjandi telur að sá markaður sé frábrugðinn,

Vinsamlegast veitið upplýsingarnar sem um getur í lið 5.2.1.–5.2.9. er varða:

5.2.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í einingafjölda) ⁽⁴⁾, með upplýsingum um forsendur útreikninga og heimilda sem eru notaðar, ásamt gögnum sem staðfesta þessa útreikninga, ef þau eru tiltæk,

5.2.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá umsækjanda og áætlaða markaðshlutdeild hans,

⁽¹⁾ III. viðauki er svohljóðandi:

- A. Flutningur eða dreifing á gasi eða hita
Tilskipun 2009/73/EB
- B. Framleiðsla, flutningur eða dreifing rafmagns
Tilskipun 2009/72/EB
- C. Framleiðsla, flutningur eða dreifing drykkjarvatns
[Engin færsla]
- D. Samningsstofnanir á sviði járnbrautaflutninga
Vöruflutningar með járnbrautum
Tilskipun ráðsins 2012/34/ESB
Farþegaflutningar milli landa með járnbrautum
Tilskipun ráðsins 2012/34/ESB
Farþegaflutningar innanlands með járnbrautum
[Engin færsla]
- E. Samningsstofnanir á sviði flutninga í þéttbýli með járnbrautarlestum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum eða hópbifreiðum
[Engin færsla]
- F. Samningsstofnanir á sviði pósthjónustu
Tilskipun 97/67/EB
- G. Vinnsla olíu eða gass
Tilskipun 94/22/EB
- H. Leit og vinnsla á kolum eða öðru eldsneyti í föstu formi
[Engin færsla]
- I. Samningsstofnanir sem starfa á sviði hafna við sjó eða vatnaleiðir eða annarrar stöðvaraðstöðu
[Engin færsla]
- J. Samningsstofnanir sem starfa á sviði flugvallaraðstöðu
[Engin færsla]

⁽²⁾ Veita ætti upplýsingarnar, sem beiðin er um undir liðum 5.2.1. og 5.2.2. hér á eftir, um öll yferráðasvæði sem um getur í a-, b-, c-, d- og e-lið.

⁽³⁾ Sjá lið 3.

⁽⁴⁾ Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að leggja innflutning við framleiðslu og draga frá útflutning frá landsvæðunum sem um ræðir.

- 5.2.3. áætlað verðmæti (og umfang þar sem við á) markaðshlutdeildar allra keppinautanna (að meðtöldum innflytjendum) sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af landfræðilega markaðnum sem um er að ræða. Leggið fram skjöl til staðfestingar útreikningi á þessari markaðshlutdeild, ef tók eru á, og látið fylgja nafn þessara keppinauta, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið,
- 5.2.4. mat á heildarverðmæti, heildarmagni og uppruna innflutnings frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilgreina skal:
- hlut umsækjanda í slíkum innflutningi,
 - mat á því að hve miklu leyti kvótar, tollar og aðrar viðskiptahindranir en tollar hafa í för með sér hindranir fyrir þennan innflutning og
 - mat á áhrifum flutningskostnaðar og annars kostnaðar á þennan innflutning,
- 5.2.5. mat á því að hve miklu leyti hindranir, sem eru á viðskiptum milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, eru vegna:
- flutningskostnaðar og annars kostnaðar og
 - annarra viðskiptahindrana en tolla,
- 5.2.6. hvernig umsækjandi framleiðir og selur vöru eða þjónustu; t.d. hvort framleiðslan er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundið dreifikerfi,
- 5.2.7. samanburð á verði sem umsækjandi og keppinautar hans setja upp í hverju aðildarríki og EFTA-ríki og hliðstæðan samanburð á verðlagi milli Bandalagsins, EFTA-ríkjanna og annarra svæða þar sem þessar vörur eru framleiddar (t.d. Austur-Evrópu, Bandaríkjanna, Japans eða annarra viðkomandi svæða),
- 5.2.8. eðli og umfang lóðréttar samþættingar umsækjanda miðað við helstu keppinauta,
- 5.2.9. upplýsingar um kostnaðarsamsetningu umsækjanda ⁽¹⁾. Tilgreinið einnig eignir eða grunnvirki sem samnýtt eru með öðrum aðilum eða notuð við rekstur fleiri en einnar starfsemi sem tilskipun 2014/25/ESB tekur til. Vinsamlega takið fram ef notkun slíkra eigna eða grunnvirkja er bundin sérstökum skilyrðum, s.s. skuldbindingum um að veita altæka þjónustu eða sérstökum réttindum.
- 5.3. Vinsamlega veitið upplýsingar um eftirfarandi:
- 5.3.1. Hefur verið umtalsverð sókn á undanförunum fimm árum inn á landfræðilega markaðinn (markaðina) með viðkomandi vörur ⁽²⁾? Ef svarið er „já“ skal, ef unnt er, greina frá nafni, heimilisfangi, síma- og bréfasímanúmeri viðkomandi fyrirtækis ásamt viðeigandi tengilið og mati á núverandi markaðshlutdeild.
- 5.3.2. Eru að álitum umsækjanda einhver fyrirtæki (þ.m.t. þau sem nú starfa aðeins á mörkuðum utan Evrópusambandsins eða utan Evrópska efnahagssvæðisins) sem gætu komið inn á markaðinn? Ef svarið er „já“ vinsamlega útskýrið hvers vegna og tilgreinið slík fyrirtæki með heiti, heimilisfangi, síma- og bréfasímanúmeri og viðeigandi tengilið og áætlið hvenær líklegt er að þau komi inn á markaðinn.
- 5.3.3. Lýsið þeim þáttum sem í þessu tilviki hafa áhrif á komu inn á viðkomandi markaði, þannig að bæði sé tekið mið af landsvæði og vöru. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:
- heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (rannsóknir og þróun, nauðsynleg dreifikerfi, sölugerðir, auglýsingar, viðhaldsþjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur samkeppisaðili og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks samkeppisaðila,
 - aðgangshindrunum í lögum og reglugerðum, s.s. leyfisveitingu stjórnvalda eða hvers konar opinberum stöðlum,

⁽¹⁾ Eftir því sem við á skal hér tekið tillit til samlegðaráhrifa sem upp geta komið (t.d. þegar um er að ræða sameiginlega framleiðslu ýmissa vara eða endurnotkun aukaafurða), og tilgreint umfang þeirra. Enn fremur skulu upplýsingarnar innihalda, þegar hægt er, mat á stöðu umsækjanda á markaði með tilliti til kostnaðarhagkvæmni (t.d. með því að bera saman kostnaðarsamsetningu hjá umsækjanda og einum af helstu keppinautum hans og/eða þeim sem starfa í sömu atvinnugrein eða geira).

⁽²⁾ Sjá lið 3.

- c) að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa,
- d) að hve miklu leyti umsækjandi er leyfishafi eða leyfisveitandi einkaleyfa, verkunnáttu eða annarra réttinda á viðkomandi mörkuðum,
- e) mikilvægi stærðarhagkvæmni í framleiðslu vöru á viðkomandi mörkuðum,
- f) aðgangi að birgðum, til dæmis framboði á hráefnum.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF

- 5.3.4. Gerið grein fyrir mikilvægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma lítið. Útskýrið eðli rannsóknar- og þróunarstarfs sem umsækjandi innir af hendi á viðkomandi mörkuðum.

Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a) stefnu og umfangi rannsóknar- og þróunarstarfs ⁽¹⁾ á þessum mörkuðum og hjá umsækjandanum,
- b) tæknipróun á þessum mörkuðum á viðeigandi tímabili (einkum þróun á vörum og/eða þjónustu, framleiðsluferlum, dreifingarkerfum o.s.frv.),
- c) helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum,
- d) þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar aðilarnir eru staddir í því ferli.

SAMSTARFSSAMNINGAR

- 5.3.5. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta eða lóðrétta) að ræða á viðkomandi mörkuðum?
- 5.3.6. Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem umsækjandi hefur gert á viðkomandi mörkuðum, s.s. samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu, sérhæfingu, dreifingu, samningum um vörukaup til langs tíma og upplýsingaskipti.

6. Þáttur — Samkeppnisaðstæður

Vera kann að sumir liðir skipti ekki máli varðandi tiltekna starfsemi eða raunverulegar aðstæður tiltekins umsækjanda og skal þá tilgreina það lið fyrir lið.

Umsækjandi má láta nægja að gefa upp nákvæma tilvísun, lið fyrir lið, í viðeigandi hluta (einn eða fleiri) rökstuddrar og skjalfestrar afstöðu, eins og um getur í 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, sem óháð landsyfirvald, sem er lögbært í tengslum við viðkomandi starfsemi, hefur samþykkt og þar sem er að finna greiningu á viðkomandi lið.

Ákvarða verður skv. 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB hvort starfsemi er í beinni samkeppni á grundvelli viðmiðana sem eru í samræmi við samkeppnisákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, s.s. eiginleika viðkomandi vöru eða þjónustu, þess hvort sambærileg vara eða þjónusta er fyrir hendi, á grundvelli verðs og þess hvort einn eða fleiri afhendingaraðilar vörunnar eða þjónustunnar, sem um er að ræða, eru í reynd eða hugsanlega á markaðnum.

- 6.1. Útskýrið hvers vegna þið teljið að starfsemin, sem þessi beiðni nær til, sé í fullri samkeppni á viðkomandi vörumarkaði á viðkomandi landfræðilegum markaði (mörkuðum). Gerið einkum grein fyrir eftirfarandi:

ALMENN SKILYRÐI Á VIÐKOMANDI MARKAÐI

- 6.1.1. Tilgreinið fimm helstu óháðu birgja ⁽²⁾ umsækjanda og hlut hvers birgis í innkaupum umsækjanda (á hráefni eða vörum sem eru notaðar til að framleiða viðkomandi vörur). Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og viðeigandi tengilið þessara birgja.

⁽¹⁾ Umfang rannsókna og þróunarstarfs er skilgreint sem kostnaður við rannsóknir og þróun sem hlutfall af veltu.

⁽²⁾ Óháðir birgjar eru birgjar sem eru ekki í eignatengslum við umsækjanda. Skilgreiningu á eignatengdu fyrirtæki er að finna í 1. nmgr. við lið 1.1.

Tilgreinið einnig fyrirtækin sem eru í eignatengslum við umsækjanda og hlut hvers þeirra um sig í innkaupum umsækjanda (innkaupum á hráefni eða vörum sem eru notaðar til að framleiða viðkomandi vörur). Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, brefasímanúmer og viðeigandi tengilið þessara fyrirtækja.

HVERNIG FRAMBODI ER HÁTTAÐ Á VIÐKOMANDI MÖRKUÐUM

- 6.1.2. Lýsið dreifileiðum og viðhaldsþjónustukerfum sem eru fyrir hendi á viðkomandi mörkuðum. Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:
- fyrirliggjandi dreifikerfum og mikilvægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hve miklu leyti er dreifingin í höndum þriðju aðila eða fyrirtækja í eignatengslum við umsækjanda?
 - fyrirliggjandi viðhaldsþjónustukerfum (til dæmis viðhald og viðgerðir) og mikilvægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hve miklu leyti er þessi þjónusta í höndum þriðju aðila eða fyrirtækja í eignatengslum við umsækjanda?
- 6.1.3. Þar sem við á skal leggja fram mat á heildarafkastagetu í ESB og á yferráðasvæði EFTA-ríkja undanfarin þrjú ár. Hver var afkastageta umsækjanda á þessu tímabili og hvert var nýtingarhlutfall afkastagetu hans?

- 6.1.4. Vinsamlega tilgreinið öll önnur atriði sem þið teljið skipta máli að því er varðar framboð.

HVERNIG EFTIRSPURN ER HÁTTAÐ Á VIÐKOMANDI MÖRKUÐUM

- 6.1.5. Tilgreinið fimm helstu óháðu viðskiptavinum umsækjanda á viðkomandi markaði og hlut hvers þeirra í heildarsölu umsækjanda á viðkomandi vörum. Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, brefasímanúmer og viðeigandi tengilið hvers þessara viðskiptavina.
- 6.1.6. Lýsið því hvernig eftirspurn er háttáð að því er varðar:
- mismunandi þróunarstig markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útpenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni aukast,
 - vægi viðskiptavinavildar að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval,
 - sambjöppun eða dreifingu eftirspurnar,
 - skiptingu viðskiptamanna í ólíka flokka með lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavinum“ í hverjum flokki,
 - mikilvægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga,
 - vægi eftirspurnar frá samningsyfirvöldum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum.
- 6.1.7. Leggið fram mat á því hversu mikið er um að notendur skipti um birgja og geri nýja samninga á undanföllum fimm árum. Tilgreinið einnig heimildir sem stuðst er við og, ef þess er kostur, nauðsynleg skjöl til staðfestingar á matinu.

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM KOMA EIGA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BEIÐNIR SEM SNERTA GILDISSVIÐ 34. GR. TILSKIPUNAR 2014/25/ESB**A. Aðgangur að markaði telst ekki takmarkaður í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB**

Beiðni [frá aðildarríki/af hálfu samningsstofnunar ⁽¹⁾]

Þann [...] barst framkvæmdastjórninni beiðni skv. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽²⁾. Fyrsti virki dagurinn eftir viðtöku beiðninnar er [...].

Þessi beiðni frá [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽³⁾ varðar [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Í 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er kveðið á um að „samningar, sem gerðir eru með það fyrir augum að unnt sé að inna af hendi starfsemi, sem getið er um í 8.–14. gr., falla ekki undir þessa tilskipun ef aðildarríkið eða samningsstofnanir, sem hafa lagt fram beiðni samkvæmt 35. gr., geta sýnt fram á að hún fari fram í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ekki takmarkaður í aðildarríkinu þar sem hún er innt af hendi; hönnunarsamkeppnir, sem skipulagðar eru með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi á því landsvæði, skulu ekki heldur falla undir þessa tilskipun“. Matið á beinni samkeppni, sem hægt er að framkvæma innan ramma tilskipunar 2014/25/ESB, er með fyrirvara um fullkomna beitingu samkeppnislaga.

Frestur framkvæmdastjórnarinnar til að taka ákvörðun um þessa beiðni er [90 ⁽⁴⁾/105 ⁽⁵⁾] ⁽⁶⁾ virkir dagar og hefst hann á þeim virka degi sem um getur hér að framan. Fresturinn rennur því út þann [...].

Í samræmi við 5. mgr. 35. mgr. tilskipunar 2014/25/ESB skulu frekari beiðnir, er varða [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [tilgreinið viðkomandi aðildarríki] og berast áður en fresturinn fyrir þessa beiðni rennur út, ekki teljast ný málsmeðferð og skulu fá meðferð með tilliti til þessarar beiðni.

B. Ekki er hægt að reikna með frjálsum aðgangi að markaði í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB

Beiðni [frá aðildarríki/af hálfu samningsstofnunar ⁽⁷⁾]

Þann [...] barst framkvæmdastjórninni beiðni skv. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽⁸⁾. Fyrsti virki dagurinn eftir viðtöku beiðninnar er [...].

Þessi beiðni frá [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽⁹⁾, varðar [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Í 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er kveðið á um að „samningar, sem gerðir eru með það fyrir augum að unnt sé að inna af hendi starfsemi, sem getið er um í 8.–14. gr., falla ekki undir þessa tilskipun ef aðildarríkið eða samningsstofnanir, sem hafa lagt fram beiðni samkvæmt 35. gr., geta sýnt fram á að hún fari fram í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ekki takmarkaður í aðildarríkinu þar sem hún er innt af hendi; hönnunarsamkeppnir, sem skipulagðar eru með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi á því landsvæði, skulu ekki heldur falla undir þessa tilskipun“. Matið á beinni samkeppni, sem hægt er að framkvæma innan ramma tilskipunar 2014/25/ESB, er með fyrirvara um fullkomna beitingu samkeppnislaga.

⁽¹⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjúd. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

⁽³⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.

⁽⁴⁾ Skv. 1. mgr. a í IV. viðauka við tilskipun 2014/25/ESB.

⁽⁵⁾ Skv. 1. mgr. a í IV. viðauka við tilskipun 2014/25/ESB ásamt annarri undirgrein áður nefndrar 1. mgr.

⁽⁶⁾ Stríkið yfir það sem ekki á við: 105 virkir dagar á við ef beiðninni fylgir ekki rökstudd og skjalfest afstaða, samþykkt af óháðu landsyfirvaldi sem er lögbært í tengslum við viðkomandi starfsemi, þar sem gerð er ítarleg greining á skilyrðunum fyrir því að viðkomandi starfsemi falli hugsanlega undir gildissvið 1. mgr. 34. gr.

⁽⁷⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjúd. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

⁽⁹⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.

Frestur framkvæmdastjórnarinnar til að taka ákvörðun um þessa beiðni er [130 ⁽¹⁾/145 ⁽²⁾] ⁽³⁾ virkir dagar og hefst hann á þeim virka degi sem um getur hér að framan. Fresturinn rennur því út hinn [...].

Í samræmi við 5. mgr. 35. mgr. tilskipunar 2014/25/ESB skulu frekari beiðnir, er varða [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [tilgreinið viðkomandi aðildarríki] og berast áður en fresturinn fyrir þessa beiðni rennur út, ekki teljast ný málsmeðferð og skulu fá meðferð með tilliti til þessarar beiðni.

—

⁽¹⁾ Skv. 1. mgr. b í IV. viðauka við tilskipun 2014/25/ESB.

⁽²⁾ Skv. 1. mgr. b í IV. viðauka við tilskipun 2014/25/ESB ásamt annarri undirgrein áðurnefndrar 1. mgr.

⁽³⁾ Strikið yfir það sem ekki á við: 145 virkir dagar á við ef beiðninni fylgir ekki rökstudd og skjalfest afstaða, samþykkt af óháðu landsyfirvaldi sem er lögbært í tengslum við viðkomandi starfsemi, þar sem gerð er ítarleg greining á skilyrðunum fyrir því að viðkomandi starfsemi falli hugsanlega undir gildissvið 1. mgr. 34. gr.

III. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM KOMA EIGA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BEIÐNIR SEM SNERTA GILDISSVIÐ 34. GR. TILSKIPUNAR 2014/25/ESB — FRAMLENGING EÐA ROF Á FRESTUM FYRIR SAMÞYKKT FRAMKVÆMDARGERÐA EÐA AFTURKÖLLUN BEIÐNAR**A. Framlenging frests fyrir samþykkt framkvæmdargerða**

Beiðni [frá aðildarríki/af hálfu samningsstofnunar ⁽¹⁾] – framlenging frests

Þann [...] barst framkvæmdastjórninni beiðni skv. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽²⁾.

Þessi beiðni frá [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽³⁾, varðar [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Viðkomandi tilkynning var birt á bls. [...] í Stjttíð. ESB, C-deild, nr. [...] frá [...]. [Upphaflegi/framlengdi] ⁽⁴⁾ fresturinn var til [...].

Skv. fjórðu undirgrein 1. mgr. IV. viðauka við tilskipun 2014/25/ESB má framkvæmdastjórnin framlengja frestinn með samþykki þeirra sem lögðu fram viðkomandi beiðni um undanþágu. Með hliðsjón af [stuttur rökstuðningur fyrir framlengingunni] og með samþykki [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽⁵⁾, er frestur framkvæmdastjórnarinnar til að taka ákvörðun um þessa beiðni hér með framlengdur um [...] virka daga.

Lokafrestur rennur því út hinn [...].

B. Rof frests fyrir samþykkt framkvæmdargerða

Þann [...] barst framkvæmdastjórninni beiðni skv. 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB ⁽⁶⁾. Fyrsti virki dagur eftir móttöku beiðninnar var [...] og upphaflegur frestur framkvæmdastjórnarinnar til að taka ákvörðun um beiðnina var [90/105/130/145] ⁽⁷⁾ virkir dagar.

Þessi beiðni frá [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽⁸⁾ varðar [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Viðkomandi tilkynning var birt á bls. [...] í Stjttíð. ESB, C-deild, nr. [...] frá [...]. [Upphaflegi/framlengdi] ⁽⁹⁾ fresturinn var til [...].

Skv. 2. lið IV. viðauka tilskipunar 2014/25/ESB getur framkvæmdastjórnin farið fram á að aðildarríki eða hlutaðeigandi samningsstofnun eða lögbært óháð landsyfirvald eða önnur lögbær landsyfirvöld láti í té allar nauðsynlegar upplýsingar eða bæti við eða skýri gefnar upplýsingar innan viðeigandi frests. Þann [...] bað framkvæmdastjórnin [...] um að láta í té viðbótarupplýsingar eigi síðar en [...].

Ef svör berast seint eða eru ófullnægjandi ⁽¹⁰⁾, skal upphaflegi fresturinn rofinn frá því að fresturinn sem tilgreindur er í beiðni um upplýsingar rennur út þar til tæmandi og réttar upplýsingar hafa borist.

Lokafrestur rennur því út [...] ⁽¹¹⁾ virkum dögum eftir að tæmandi og réttar upplýsingar berast.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjttíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

⁽³⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁴⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁵⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjttíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

⁽⁷⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁸⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽¹⁰⁾ Sjá annan málslið í 2. lið tés IV. viðauka.

⁽¹¹⁾ Upphaflegur fjöldi virkra daga að frádregnum þeim fjölda virkra daga sem líður frá fyrsta virka degi eftir móttöku beiðninnar um undanþágu uns frestur til að láta í té viðbótarupplýsingar rennur út.

C. Rofi frests fyrir samþykkt framkvæmdargerða lýkur

Þann [...] barst framkvæmdastjórninni beiðni skv. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽¹⁾.

Þessi beiðni frá [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽²⁾ varðar [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Viðkomandi tilkynning var birt á bls. [...] í Stjtið. ESB, C-deild, nr. [...] frá [...].

Þann [...] bað framkvæmdastjórnin [...] um að láta í té viðbótarupplýsingar eigi síðar en [...]. Eins og fram kom í tilkynningu sem birt var á bls. [...] í Stjtið. ESB, C-deild, nr. [...] frá [...], var lokafrestur framlengdur um [...] virka daga frá móttöku tæmandi og rétttra upplýsinga. Tæmandi og rétttra upplýsingar bárust [...].

Lokafrestur rennur því út hinn [...].

D. Afturköllun beiðni sem snertir gildissvið 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB

Þann [...] barst framkvæmdastjórninni beiðni skv. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽³⁾.

Þessi beiðni frá [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽⁴⁾ varðar [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Viðkomandi tilkynning var birt á bls. [...] í Stjtið. ESB, C-deild, nr. [...] frá [...]. [Upphaflegi/framlengdi] ⁽⁵⁾ fresturinn var til [...].

Þann [...] dró umsækjandi beiðnina til baka og telst hún því ógild. Því er engin ástæða til þess að ákvarða hvort 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB gildir um [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Tilskipun 2014/25/ESB gildir því áfram í samræmi við ákvæði hennar þegar samningsstofnanir gera samninga með það fyrir augum að inna af hendi [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [tilgreinið viðkomandi aðildarríki] og þegar þær skipuleggja hönnunarsamkeppnir með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi á því landsvæði.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

⁽⁴⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁵⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

IV. VIÐAUKI

**UPPLÝSINGAR SEM KOMA EIGA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BEIÐNIR SEM SNERTA GILDISSVIÐ 34. GR.
TILSKIPUNAR 2014/25/ESB – GILDISSVIÐ 1. MGR. 34. GR. TILSKIPUNARINNAR ÞEGAR ENGIN FRAMKVÆMDARGERÐ
HEFUR VERIÐ SAMÞYKKT INNAN FRESTSINS**

Beiðni [frá aðildarríki/af hálfu samningsstofnunar ⁽¹⁾]

Þann [...] barst framkvæmdastjórninni beiðni skv. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽²⁾.

Þessi beiðni frá [heiti hlutaðeigandi aðildarríkis/heiti viðkomandi samningsstofnunar] ⁽³⁾ varðar [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [því landi/tilgreinið viðkomandi aðildarríki]. Viðkomandi tilkynning var birt á bls. [...] í Stjtíð. ESB, C-deild, nr. [...] frá [...]. [Upphaflegi/framlengdi] ⁽⁴⁾ fresturinn var til [...].

Þar eð fresturinn til að taka ákvörðun rann út [...] án þess að ákvörðun væri tekin gildir 1. mgr. 34. gr. áðurnefndrar tilskipunar. Af þeim sökum gilda ákvæði tilskipunar 2014/25/ESB ekki um gerð samninga með það fyrir augum að inna af hendi [stutt lýsing á viðkomandi atvinnugrein eða starfsemi] í [tilgreinið viðkomandi aðildarríki] eða um hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar yrðu með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi á því landsvæði.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

⁽³⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁴⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.